



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Reykvískir nemendur í Arnarskóla

Um Arnarskóla

Arnarskóli er sjálfstætt rekinn sérskóli fyrir börn með þroskafrávik. Skólinn býður upp á heildstæða skóla- og frístundaþjónustu fyrir börn með þroskafrávik á grunnskólaaldri. Í heildstæðri þjónustu felst að veitt er samfelld þjónusta allan daginn, allan ársins hring. Starf skóla, frístundar og sumarfrístundar er fléttað saman í eitt heildstætt úrræði. Lögð er áhersla á atferlisíhlutun þar sem atferlisfræðingar þjálfa starfsfólk og samræma vinnubrögð. Engin ákveðin greining er forsenda skólavistar og eru allar umsóknir teknar til athugunar.

Þar sem skólinn er staðsettur í Kópavogi hefur hann gert þjónustusamning við Kópavogsbæ og hefur fengið viðurkenningu sem einkaskóli á grunnskólastigi frá Menntamálastofnun en viðurkenningin byggir á þjónustusamningnum við Kópavogsbæ.

Foreldrar sem óska eftir skólavist í Arnarskóla fyrir barn sitt sækja um á sérstöku eyðublaði og metur skólinn hvort Arnarskóli sé hentugur fyrir barnið. Telji skólinn að hann henti barninu leiðbeinir hann foreldrum með hvað þeir þurfa að gera til að sækja um hjá sínu sveitarfélagi.

Arnarskóli er viðbótar valkostur fyrir þau börn og foreldra sem skólinn metur að hann henti fyrir. Á heimasíðu skólans er ekki að finna reglur um inntökuferli, inntökuviðmið í skólann né á hverju mat skólans er byggt hvort hann henti eða ekki en fram kemur að skólinn sé fyrir börn með þroskafrávik. Í þjónustusamningi skólans við Kópavogsbæ, dags. 2. maí 2018, kemur fram að skólinn sé opinn nemendum með einhverfu eða önnur þroskafrávik, sem þurfa einstaklingskennslu og/eða stuðning stóran hluta skóladagsins til að þess að læra og dafna. Inntökuteymi skólans meti hverja umsókn í samvinnu við skólayfirvöld í lögheimilissveitarfélagi nemandans. Sérstaklega sé horft til þess hvort skólinn geti mætt þörfum nemandans með þeirri þjónustu sem hann býður upp á. Hver umsókn sé metin á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og mati fulltrúa skólans á nemandanum.

Aðrir möguleikar foreldra barna með alvarlegar þroskaskerðingar sem óska eftir sérúrræði fyrir barn sitt eru að sækja um í sérúrræðum Reykjavíkurborgar, sem eru Klettaskóli, sérhæfðar sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu og Brúarskóli. Sérstakar reglur gilda um innritun og

útskrift nemenda úr þessum sérúrræðum borgarinnar og hafa þær reglur fengið staðfestingu ráðherra.

Samþykktir skóla- og frístundaráðs og borgarráðs

Á 148. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. nóvember 2018 var samþykkt verklag vegna umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla vegna skólaársins 2019 - 2020. Þann 10. janúar 2019 samþykkti borgarráð tillöguna.

Á 163. fundi skóla- og frístundaráðs var lagt fram til upplýsinga minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019, varðandi ákvörðun um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna til Arnarskóla.

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var skóla- og frístundasviði heimilað að gera samning við Arnarskóla vegna umsókna fjögurra foreldra reykvískra nemenda um skólagöngu í Arnarskóla skólaárið 2019-2020 þar sem fram koma skýr ákvæði um greiðslur til skólans á grundvelli greininga og mats á þjónustuþörf hvers barns. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið í samstarfi við skóla- og frístundasvið að gera fjárhagslega greiningu á kostnaði við hvert barn í sérskólum og sérdeildum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar. Samningur við Arnarskóla tryggi ofangreindum fjórum börnum skólavist næsta vetur en verði með fyrirvara um fjárhagslega þætti sem leitt geti til endurskoðunar byggt á ofangreindum greiningum.

Reykvískir nemendur í Arnarskóla og þjónustusamningur við Arnarskóla

Skólaárið 2019 – 2020 eru fjórir reykvískir nemendur í Arnarskóla en tveim umsóknum var synjað þar sem þær komu of seint fram. Foreldrar þessara fjögurra barna hafa allir skilað inn umsóknum fyrir næst komandi skólaár. Til viðbótar hafa borist fimm nýjar umsóknir vegna næsta skólaárs.

Þann 18. febrúar 2020 var undirritaður samningur vegna framangreindra nemenda með fyrirvara um samþykki borgarráðs þar sem borgarráð heimilaði að gerður yrði samningur vegna skólaársins 2019 -2020 með því skilyrði að greiðslur áttu að grundvallast á greiningu og mats á þjónustu hvers barns. Skóla- og frístundasvið óskaði eftir að gjald yrði til samræmis við samþykkt borgarráðs en skólinn hafnaði því fyrirkomulagi. Skólinn lagði því fram einstaklingsnámskrá vegna tilgreindra nemenda og tilgreindra gjaldaskrá byggða á þeim þörfum. Niðurstaða skóla- og frístundasviðs var að fullnægjandi greining hafi verið gerð vegna þjónustuþarfa vegna þeirra 4 barna sem nú stunda nám í Arnarskóla og liggja fyrir einstaklingsmiðaðar námskrár sem sérfræðingur skóla- og frístundasviðs í málefnum fatlaðra hefur yfirfarið og staðfest. Gjaldskrá skólans hafi því verið í samræmi við þjónustuþarfir.

Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Samkvæmt upplýsingum frá Arnarskóla tekur gjald vegna skólavistar mánaðarlegum breytingum samkvæmt launavísitölu sem gildir fyrir þann mánuð sem greitt er fyrir. Miðað er við átta tíma þjónustu á dag en boðið er upp á þjónustu alla mánuði ársins. Samkomulag hefur verið milli viðkomandi sveitarfélags og foreldra hvort barnið er í þjónustu Arnarskóla ellefu eða tólf mánuði á ári. Þjónusta vegna skóla og frístundar er ekki sundurgreind á reikningum skólans en sveitarfélögin hafa sjálf skipt reikningum upp milli skóla- og frístundabjónustu.

Mánaðargjald á nemanda fyrir febrúar 2020 er kr. 1.309.664 á 3 nemendur en kr.1.462.142 á 1 nemanda v.meiri fötlunar.

Kostnaður vegna fjögurra nemenda er kr. 5.391.134 á mánuði skv. gjaldi í feb. 2020 og á ári miðað við 12 mánaða þjónustu kr. 64.693.608 Tekur kostnaður breytingum skv. launavísitölu

Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að nemandi sem kemur úr Klettaskóla eða einhverfudeild taki með sér fjármagn úr viðkomandi sérúrræði. Fari nemandi úr slíku úrræði fækkar ekki plássum þar heldur eru teknir inn nýir nemendur í laus pláss. Ekki er raunhæft að ætla að þessi úrræði dragist saman við það að börn þar flytjist yfir í Arnarskóla en hins vegar má leiða að því líkum að lítillga geti dregið úr ákalli um fjölgun eða stækkun.

Í umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 3. mars 2020, kemur m.a. fram að væru nemendurnir 4 í Klettaskóla, yrði árlegur kostnaður kr. 52.561.000 byggt á rauntölum 2019. Viðbótarkostnaður á ársgrundvelli væru því tæpar 12.000.000 eða um 18,5% hærri en í Klettaskóla.

Jafnframt kemur fram að fyrir liggja að innri leiga Klettaskóla hækki mikið milli ára, fari úr kr. 126.000.000 fyrir árið 2019 í kr. 450.000.000 vegna ársins 2020. Ef mismuninum kr. 324.000.000 sé deilt á 130 nemendur sem stunda nám við Klettaskóla hækki kostnaður pr. nemenda um tæpar kr. 2.500.000 á ári og verði þá kr. 15.632.000 og árlegur kostnaður vegna 4 nemenda yrði kr. 62.531.000, sem er álíka kostnaður og við nemendur í Arnarskóla.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 3. mars 2020.

Ekki er gert ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs. Mun skóla- og frístundasvið því óska eftir því við borgarráð að samþykktur verði viðauki til að standa straum af þessum kostnaði.

Afstaða/álit skóla- og frístundasviðs

Það er mat skóla- og frístundasviðs að ekki sé rétt að fjölga reykvískum nemendum sem greitt er framlag vegna til Arnarskóla að svo stöddu. Engu að síður fái reykvískir nemendur sem nú þegar eru í skólanum tækifæri á að halda áfram námi sínu þar.

Framangreint er háð því að foreldrar sækja um áframhaldandi skólavist til skóla- og frístundasviðs og fylli út umsókn vegna beiðni um námsvist í grunnskóla utan lögheimilis nemanda eigi síðar en 1. apríl 2020. Jafnframt er það skilyrði að nemendurnir uppfylli sömu skilyrði og sett voru þegar heimilað var að greiða framlag skólaárið 2019 – 2020, sjá minnisblað sviðsstjóra, dags. 23. nóvember 2018, þar sem lagt er til ferli við afgreiðslu beiðna um framlag Reykjavíkur vegna umsókna um skólavist í Arnarskóla vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Ekki er mælt með fjölgun reykvískra nemenda í Arnarskóla að svo stöddu þar sem ekki hefur verið framkvæmt ytra mat á starfsemi Arnarskóla, hvorki af hálfu Kópavogsbæjar eða Menntamálastofnunar. Faglegar forsendur til fjölgunar liggja því ekki fyrir. Auk þess er mikilvægt að skólinn hafi verið starfrækur í núverandi húsnæði til lengri tíma áður en afstaða verður tekin til mögulegrar fjölgunar reykvískra nemenda í skólanum.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ákvörðun um fjölda nemenda sem greitt verður framlag vegna til Arnarskóla

Á 148. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. nóvember 2018 var samþykkt verklag vegna umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla vegna skólaársins 2019 - 2020. Þann 10. janúar 2019 samþykkti Borgarráð tillöguna.

I Umsóknir reykvískra foreldra um skólavist í Arnarskóla

Skóla- og frístundasviði hafa borist sex umsóknir um samþykki fyrir skólavist í Arnarskóla skólaárið 2019 - 2020. Ein umsókn hefur verið dregin til baka og einn umsækjandi hefur þegið skólavist fyrir barn sitt í Klettaskóla. Fyrirliggjandi eru því fjórar umsóknir.

Matsteymi hefur lagt mat á þær fjórar umsóknir sem liggja fyrir til samræmis við samþykkt verklag um meðferð umsókna í Arnarskóla.

Matsteymið mælir með því að fyrirliggjandi fjórar umsóknir verði samþykktar.

Þeir nemendur sem sótt er um fyrir eru á mismunandi aldri fæddir 2013, 2011 og 2009 og munu því vera í 1. bekk, 3. bekk og 5. bekk á næsta skólaári. Nemendurnir koma einnig úr mismunandi aðstæðum, eru að hefja grunnskólanám, koma úr sérdeild og sérskóla og einn er nýlega fluttur til landsins. Foreldrar eins nemandans óska eftir því að hann byrji í þjónustu Arnarskóla strax í júní.

II Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Samkvæmt upplýsingum frá Arnarskóla tekur gjald vegna skólavistar mánaðarlegum breytingum samkvæmt launavísitölu sem gildir fyrir þann mánuð sem greitt er fyrir. Miðað er við átta tíma þjónustu á dag en boðið er upp á þjónustu alla mánuði ársins. Samkomulag hefur verið milli viðkomandi sveitarfélags og foreldra hvort barnið er í þjónustu Arnarskóla ellefu eða tólf mánuði á ári. Þjónusta vegna skóla og frístundar er ekki sundurgreind á reikningum skólans en sveitarfélögin hafa sjálf skipt reikningum upp milli skóla- og frístundaþjónustu.

Mánaðargjald fyrir maí 2019 er kr. 1.237.489- á nemanda.

Kostnaður vegna fjögurra nemenda er kr. 4.949.956- á mánuði skv. gjaldi í maí 2019 og á ári miðað við 12 mánaða þjónustu kr. 59.399.472-

Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að nemandi sem kemur úr Klettaskóla eða einhverfudeild taki með sér fjármagn úr viðkomandi sérúrræði. Fari nemandi úr slíku úrræði fækkar ekki plássum þar heldur eru teknir inn nýir nemendur í laus pláss. Ekki er raunhæft að ætla að þessi úrræði dragist saman við það að börn þar flytjist yfir í Arnarskóla en hins vegar má leiða að því líkum að eitthvað geti dregið úr ákalli um fjölgun eða stækkun þeirra á næstu árum.

Sérstakt fjármagn er ætlað til stuðnings við fatlaða nemendur í almennum grunnskólum. Það er í samræmi við stefnu ríkis og borgar um skóla án aðgreiningar og ætlað til að gefa foreldrum fatlaðra barna raunverulegan kost á vali um almennan grunnskóla fyrir börn sín. Úthlutanir úr þessum potti geta nú hæst verið kr. 4.960.000- vegna einstaks fatlaðs nemanda en það er umtalsvert lægri fjárhæð en kostnaður vegna nemanda í sérdeild eða sérskóla.

Ekki er gert ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur fengið málið til meðferðar og verður málið ekki afgreitt fyrr en umsögn fjármálaskrifstofu liggur fyrir.



Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsvið

Efni: Umsókn Arnarskóla um inntöku fjögurra nemenda í skólavist skólaárið 2019-2020

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn um umsóknir foreldra fjögurra reykvískra nemenda um að þeir fari í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla skólaárið 2019-2020.

Samkvæmt minnisblaði skóla- og frístundasviðs hefur matsteymi sviðsins lagt til að teknir verði inn fjórir nemendur í skólann í samræmi við samþykkt verklag um meðferð umsókna í Arnarskóla. Í minnisblaðinu kemur fram að mánaðargjald pr. barn í Arnarskóla sé kr. 1.237.489 pr. mánuð og samkomulag sé milli skóla og sveitarfélags sem í hlut á hvort barn er í þjónustu 11 eða 12 mánuði á ári. Heildarkostnaður á ársgrundvelli er metinn á tæplega kr. 59,4 m.kr. fyrir 12 mánaða skólavist fjögurra barna. Sviðið gerir ekki ráð fyrir að hægt sé að spara fjármagn á móti þessum útgjöldum þar sem plássin í Klettaskóla eða öðrum úrræðum Reykjavíkurborgar sem losna við tilfallandi flutning í Arnarskóla verði nýtt fyrir önnur börn.

Umsögn:

Arnarskóli er sjálfstætt rekinn sérskóli fyrir börn með þroskafrávik. Skólinn býður upp á heildstæða skóla- og frístundaþjónustu fyrir börn með þroskafrávik á grunnskólaaldri. Í heildstæðri þjónustu flest að veitt er samfelld þjónusta allan daginn, allan ársins hring¹. Hér er um að ræða nýtt úrræði vegna þjónustu við börn með alvarleg þroskafrávik, en Reykjavíkurborg veitir slíka þjónustu í sérskólum Klettaskóla og Brúarskóla og sérhæfðum sérdeildum fyrir nemendur með einhverfu.

Fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 23. nóv. 2018 að við mat á kostnaði annars vegar fyrir skólavist í Arnarskóla og hins vegar í Klettaskóla þurfi að taka tillit bæði til þeirrar þjónustu sem skólarnir hafa upp á að bjóða og einnig til þeirrar aðstöðu sem þeir hafa fyrir nemendur sína. Klettaskóli er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun²: „Skólinn er fyrir nemendur með miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana, auk þess fyrir nemendur með væga þroskahömlun og skilgreinda viðbótarfötlun/fatlanir s.s. einhverfu, blindu, heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun.“ Skólinn hefur nýlega verið endurgerður og aðstaða fyrir nemendur og

¹ Sbr. lýsingu í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um „Meðferð umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla“, dags. 23. nóv. 2018.

² Sjá lýsingu í starfsáætlun skólans: <https://klettaskoli.is/skolinn/um-skolann/>

starfsmenn bætt umtalsvert. Áætlaður meðalkostnaður skóla- og frístundasviðs vegna skólastarfs í Klettaskóla árið 2019, frístundar á starfstíma skóla og sumarfrístundar nemur 12,4 m.kr. pr. barn.

Skóla- og frístundasvið gerir ráð fyrir að útgjöld á ársgrundvelli vegna þeirra fjögurra barna sem sótt er um skólavist fyrir í Arnarskóla nemi kr. 59,4 m.kr. á ársgrundvelli. Meðalkostnaður pr. barn í Arnarskóla nemur því um 14,8 m.kr.

Ef gerður er samanburður á áætluðum útgjöldum Klettaskóla og Arnarskóla er kostnaður Arnarskóla um 19,5% hærri en meðalkostnaður pr. barn í Klettaskóla, eða skv. eftirfarandi:

Samanburður	2019
Arnarskóli	14.849.868
Klettaskóli	12.423.933
Mismunur	2.425.935
Hlutfall	19,5%

Arnarskóli er sjálfstætt starfandi sérskóli, staðsettur í Kópavogi með þjónustusamning við Kópavogsbæ sem gerður er á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 699/2012 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum. Í þeim samningi er gert ráð fyrir að Kópavogsbær greiði framlag vegna dvalar hvers nemanda í skólum með lögheimili í Kópavogi samkvæmt samningi sem gerður er við Arnarskóla um skólavist hvers nemanda, að teknu tilliti til þarfa nemandans.

Ekki liggur fyrir samningur milli Reykjavíkurborgar og Arnarskóla um greiðslur vegna þeirra barna sem tillagan gerir ráð fyrir að tekin verði inn í skólann. Fyrir liggur að þarfir nemenda sem sækja skólann eru mjög sérhæfðar og þjónusta við þau börn sem fá skólavist í skólanum einstaklingsmiðuð, sem þýðir að kostnaður getur verið misjafn eftir þjónustuþyngd. Það er því ábending fjármála- og áhættustýringarsviðs að mikilvægt sé að útfærður verði samningur milli Reykjavíkurborgar og Arnarskóla með skýrum ákvæðum um greiðslur til skólans á grundvelli greininga og mats á þjónustuþörf hvers barns.

Jafnframt er vakin athygli á því að í þjónustusamningi Kópavogsbæjar og Arnarskóla er gert ráð fyrir því skv. gr. 2 d) að önnur sveitarfélög geti óskað eftir að Kópavogsbær annist skólapijónustu fyrir nemendur sína gegn greiðslu sem sérstaklega er samið um.

Um greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

Við flutning á rekstri grunnskóla til sveitarfélaganna gerði ríkið samning við Reykjavíkurborg um rekstur sérskóla og sérdeilda fyrir fatlaða nemendur. Klettaskóli er grunnstoðin í þeim rekstri. Samningurinn var í fyrstu bráðabirgðasamningur en hann hefur verið endurskoðaður í tvígang, síðast árið 2012. Núgildandi samningur felur í sér greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar vegna reykvískra barna og miða greiðslur við ákveðna fjárhæð á árinu 2012 sem tekur sömu hlutfallslegu breytingum á milli ára og eru á tekjum Jöfnunarsjóðs af 0,77% framlagi til grunnskóla af útsvarsstofni. Greiðslan er áætluð 1.426 m.kr. árið 2019 og byggist á fjölda nemenda sem eru í sérskólum og sérdeildum borgarinnar sem falla undir matsviðmið Jöfnunarsjóðs sem sett voru á árinu 2002 og nemendur sem stunda nám í almennum grunnskólum borgarinnar og falla undir viðmiðin. Samtals féllu 232 börn undir þetta viðmið og voru til hliðsjónar endurskoðun á samingnum árið 2012.

Samningurinn gerir ráð fyrir því að grunnskólabörn sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum eigi kost að skólavist í sérskólum og sérdeildum á vegum Reykjavíkurborgar, enda greiði viðkomandi sveitarfélög allan kostnað við skólagöngu þeirra. Þannig miðar greiðslan sem Reykjavíkurborg fær skv. samningi við

ríkið (Jöfnunarsjóð) aðeins við þjónustu við reykvísk börn. Í samningnum er gert ráð fyrir að sérstakt samkomulag skuli gert um skólavist nemenda annarra sveitarfélaga milli Reykjavíkurborgar og viðkomandi sveitarfélags. Jöfnunarsjóður greiðir svk. reglugerð 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitrafélaga til rekstur grunnskóla, framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, gr. 4 (A). Geiðslur til sveitarfélaganna, allra annarra en Reykjavíkurborgar, taka mið af Vinnureglum I og Vinnureglum II, dags. 1. nóv. 2002. Greiðslur til þeirra fara með þeim hætti eftir fjölda barna og þjónustuþyngd.

Í þessu felst að samningur Reykjavíkurborgar við Jöfnunarsjóð er bundinn við það viðmið sem sett var árið 2012, þó þannig að hann tekur hækkunum í samræmi við hækkun útsvarstekna á landsvísu. Velji Reykjavíkurborg að kaupa þjónustu af skólum utan Reykjavíkur fyrir reykvísk börn er það alfarið á ábyrgð borgarinnar og engar frekari greiðslur koma til frá Jöfnunarsjóði.

Niðurstaða kostnaðarmats

Í sérskólum Reykjavíkur, þ.e. Klettaskóla og Brúarskóla og sérdeildum í Vogaskóla, Langholtsskóla, Háaleitisskóla, Foldaskóla, Fellaskóla, Hamraskóla og Hlíðaskóla eru um 170 börn. Gert er ráð fyrir að í almennum grunnskólum séu a.m.k. um 60 börn ef tekið er mið af þeirri greiningu sem gerð var á stöðunni þegar samið var um endurskoðun á samningi Reykjavíkurborgar og ríkisins árið 2012. Ef gert er ráð fyrir því að Reykjavíkurborg veiti öllum börnum þjónustu við hæfi og í samræmi við greiningar, verði hægt að spara a.m.k. breytilegan kostnað vegna þjónustunnar við börnin og viðbótarkostnaður borgarinnar verði aðeins sem nemur gjaldi Arnarskóla umframt breytilegan kostnað. Skóla- og frístundasvið metur meðalbreytilegan kostnað vegna barna í sérskólum og sérdeildum á 5,4 m.kr. á ársgrundvelli. Mismunur m.v. áætlað gjald í Arnarskóla er 9,5 m.kr. á ársgrundvelli, eða sem nemur 37,7 m.kr. m.v. 4 nemendur. Viðbótarútgjöld skóla- og frístundasviðs verða með þeim hætti 16,8 m.kr. haustið 2019.

Verði „rýmin“ sem losna hins vegar fyllt með nýjum börnum verður ekki unnt að spara með þessum hætti og nemur kostnaðarauki borgarinnar þá 59,4 m.kr. á ársgrundvelli. En þá má jafnframt draga þá ályktun að það séu börn á biðlista eftir þjónustu við hæfi í dag. Ef það er tilfellið felur samþykkt erindisins í sér viðbótarútgjöld sem geta numið allt að 26,4 m.kr. haustið 2019.

Ítrekuð er ábending um mikilvægi þess að að útfærður verði samningur milli Reykjavíkurborgar og Arnarskóla með skýrum ákvæðum um greiðslur til skólans á grundvelli greininga og mats á þjónustuþörf hvers barns, eða leitað samninga við Kópavogsbæ um skólaþjónustu fyrir nemendur Reykjavíkurborgar í Arnarskóla.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*

Reykjavík, 23. nóvember 2018
SFS2018110156
148. fundur
HG/sv/hl

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Meðferð umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla

Arnarskóli er nýr sjálfstætt rekinn sérskóli fyrir börn með þroskafrávik. Skólinn býður upp á heildstæða skóla- og frístundaþjónustu fyrir börn með þroskafrávik á grunnskólaaldri. Í heildstæðri þjónustu felst að veitt er samfelld þjónusta allan daginn, allan ársins hring. Starf skóla, frístundar og sumarfrístundar er fléttað saman í eitt heildstætt úrræði. Lögð er áhersla á atferlisíhlutun þar sem atferlisfræðingar þjálfa starfsfólk og samræma vinnubrögð. Engin ákveðin greining er forsenda skólavistar og eru allar umsóknir teknar til athugunar.

Þar sem skólinn er staðsettur í Kópavogi hefur hann gert þjónustusamning við Kópavogsbæ og hefur fengið viðurkenningu sem einkaskóli á grunnskólastigi frá Menntamálastofnun en viðurkenningin byggir á þjónustusamningnum við Kópavogsbæ.

Foreldrar sem óska eftir skólavist í Arnarskóla fyrir barn sitt sækja um á sérstöku eyðublaði og metur skólinn hvort Arnarskóli sé hentugur fyrir barnið. Telji skólinn að hann henti barninu leiðbeinir hann foreldrum með hvað þeir þurfa að gera til að sækja um hjá sínu sveitarfélagi.

Arnarskóli er viðbótar valkostur fyrir þau börn og foreldra sem skólinn metur að hann henti fyrir. Á heimasíðu skólans er ekki að finna reglur um inntökufjerli, inntökuviðmið í skólann né á hverju mat skólans er byggt hvort hann henti eða ekki. Í þjónustusamningi skólans við Kópavogsbæ, dags. 2. maí 2018, kemur fram að skólinn sé opinn nemendum með einhverfu eða önnur þroskafrávik, sem þurfa einstaklingskennslu og/eða stuðning stóran hluta skóladagsins til að þess að læra og dafna. Inntökuteymi skólans meti hverja umsókn í samvinnu við skólayfirvöld í lögheimilissveitarfélagi nemandans. Sérstaklega sé horft til þess hvort skólinn geti mætt þörfum nemandans með þeirri þjónustu sem hann býður upp á. Hver umsókn sé metin á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og mati fulltrúa skólans á nemandanum.

Aðrir möguleikar foreldra barna með alvarlegar þroskaskerðingar sem óska eftir sérúrræði fyrir barn sitt eru að sækja um í sérúrræðum Reykjavíkurborgar, sem eru Klettaskóli, sérhæfðar sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu og Brúarskóli. Sérstakar reglur gilda um innritun og útskrift nemenda úr þessum sérúrræðum borgarinnar og hafa þær reglur fengið staðfestingu ráðherra.

Nú eru fyrirbyggjandi hjá skóla- og frístundasviði þrjár beiðnir um að Reykjavíkurborg greiði framlag vegna skólavistar í Arnarskóla fyrir nemendur með þroskafrávik úr Reykjavík. Tveir þessara nemenda eru nú í almennum skólum og hefur ekki verið sótt um skólavist fyrir þá í sérúrræði eða sérskóla í borginni. Einn nemandi er nú í sérhæfðri sérdeild fyrir nemendur með einhverfu. Það er mat foreldra þessara barna að Arnarskóli henti þeim svo og er það mat skólans að hann henti þessum börnum. Þessi börn hafa því fengið skólavist í skólanum með fyrirvara um greiðslu framlags borgarinnar til skólans. Í einhverjum tilfellum hafa foreldrar, sem sóst hafa eftir/íhugað skólavist í Arnarskóla fyrir barn sitt, fengið þá niðurstöðu skólans að hann henti ekki þeirra börnum og hafa því ekki borist beiðnir um aðkomu skrifstofu skóla- og frístundasviðs að þeim málum varðandi greiðslu framlags til skólans.

Þær beiðnir sem borist hafa vegna skólavistar í Arnarskóla benda ekki til áhuga foreldra barna sem nú eru í Klettaskóla á að flytja börn sín yfir skólann. Vísbendingar eru hins vegar um að frekar sé um að ræða beiðnir vegna barna sem eru nú í almennum skólum. Engin beiðni hefur enn borist vegna barns sem er að hefja grunnskólanám.

Við mat á kostnaði annars vegar fyrir skólavist í Arnarskóla og hins vegar í Klettaskóla þarf að taka tillit bæði til þeirrar þjónustu sem skólarnir hafa upp á að bjóða og einnig til þeirrar aðstöðu sem þeir hafa fyrir nemendur sína. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaskrifstofu SFS er kostnaður nú vegna skólavistar nemanda í Arnarskóla kr. 13.136.340- á ári. Í þeirri tölu er kostnaður vegna skólastarfs, frístundar á starfstíma skóla og sumarfrístundar. Heildarkostnaður vegna skólavistar nemanda í Klettaskóla frístundar þar og sumarfrístundar er kr. 13.879.800- á ári.

Arnarskóli er staðsettur að Kópavogsbraut 5C í húsnæði sem er í eigu Landspítalans sem hýsti áður Kópavogshæli. Húsnæði skólans er því ekki hannað og byggt sem skólahúsnæði en aðlagð að þeirri einstaklingsmiðun sem skólinn vinnur samkvæmt. Klettaskóli er í húsnæði sem hannað er og byggt sem skóli og hefur verið endurbætt og aðlagð þeim nemendahópi sem þar er. Í skólanum er m.a. sérhönnuð sundlaug fyrir fatlaða, íþróttahús, mötuneyti, list og verkgreina aðstaða, sérhannað skynhreyfirými og aðstaða til sjúkrapjálfunar

Reykjavíkurborg hefur í samstarfi sínu við sjálfstætt rekna skóla gert þjónustusamninga við þá skóla sem staðsettir eru í borginni en jafnframt sett þak á nemendafjölda úr borginni í hvern sjálfstætt rekinn grunnskóla innan og utan borgarinnar.

Lagt er til að viðhaft verði eftirfarandi ferli við afgreiðslu beiðna um framlag Reykjavíkur vegna umsókna um skólavist í Arnarskóla vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík:

Reykjavíkurborg greiðir skólakostnað/framlag í Arnarskóla fyrir tilgreindan fjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík á hverju skólaári. Um er að ræða nemendur með alvarleg þroskafrávik sem hafa veruleg og íþyngjandi áhrif á nám og skólagöngu þeirra. Um er að ræða nemendur með:

- verulega hamlandi þroskahömlun og/eða einhverfu ásamt alvarlegum atferlis- og hegðunarröskunum og/eða öðrum alvarlegum viðbótarröskunum s.s. íþyngjandi ofvirknishegðunarröskun og geðrænar raskanir.

Sérstakt matsteymi leggur mat á þær beiðnir sem berast til SFS. Í matsteyminu eiga sæti skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, verkefnastjóri sérkennslu á fagskrifstofu grunnskóla, fulltrúi viðkomandi skólalþjónustu og fulltrúi frá einu af sérúrræðum

borgarinnar sem við á hverju sinni, Klettaskóla, Brúarskóla eða sérdeild fyrir nemendur með einhverfu.

Matsteymið tekur mið af:

- Fyrirliggjandi greiningum um þroskaröskun barnsins.
- Mati á stöðu barnsins í námi og skólasterfi frá leik- eða grunnskóla.
- Mati annarra sérfræðinga/aðila sem hafa komið að málum sem varða leik- eða grunnskólagöngu barnsins.
- Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs og þroska.
- Mati starfsfólks Arnarskóla á því hvernig aðstæður og möguleikar skólans séu líklegar til að hæfa þörfum viðkomandi barns.

Starfshættir matsteymis:

- Matsteymið gætir ávallt jafnræðissjónarmiða í störfum sínum við mat og afgreiðslu beiðna.
- Matsteymið getur kallað til sín sérfræðinga um nám og skólagöngu barna með þroskafrávik og sérfræðinga varðandi þroskafrávik viðkomandi barns. Foreldrar skulu hafa kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum.
- Matsteymið getur falið sérfræðingi úr teyminu að fylgjast með barninu í núverandi aðstæðum þess í leik- eða grunnskóla, enda hafi foreldrar samþykkt slíkt.
- Séu beiðnir fleiri en fjöldi þeirra nemenda sem heimild er fyrir í skólann, forgangsraðar matsteymið beiðnum eftir því hve hamlandi skerðingar viðkomandi barns eru í námi og skólasterfi.
- Afgreiðsla matsteymis skal liggja fyrir eigi síðar en einum mánuði eftir að beiðni berst.

Afgreiðsla beiðna:

Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun beiðna á grundvelli fyrirliggjandi gagna, upplýsinga og athugana matsteymis.

- Sé beiðni um skólavist samþykkt tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra.
- Sé lagt til að beiðni um skólavist verði synjað tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun.
- Sé ákvörðun tekin um synjun að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum tilkynnir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
- Sé beiðni synjað þar sem heimild vegna fjölda nemenda í skólann er fullnýtt skal foreldrum gefinn kostur á að halda beiðni sinni um skólavist í Arnarskóla virkri til umfjöllunar síðar.

Miðað verði við að umsóknum um framlag vegna skólavistar í Arnarskóla verði skilað til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. mars 2019 og að umsóknir vegna komandi skólaárs 2019 -2020 verði afgreiddar fyrir 15. apríl 2019.

Fyrirliggjandi umsóknir vegna yfirstandandi skólaárs verði teknar til skoðunar með tilliti til framangreinds verklags og þess að nemendur geti farið í Arnarskóla á næsta skólaári.